

✉ Re: 2103095 - Northlight Seafood

Búið til	25.3.2022 17:17:05
Höfundur	Borgný Katrínardóttir
Sent	25.3.2022 17:17:03
Tilheyrir	📁 202202-0034 - Beiðni um umsögn vegna tilraunaleyfis Northlight Seafood ehf. í Hvammsfirði.

Efni

Re: 2103095 - Northlight Seafood

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	25.3.2022 17:17:03	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Borgný Katrínardóttir - NI (Borgny.Katrinardottir@ni.is)
Til	andri.thorsteinsson@mast.is
Cc	Snorri.Sigurdsson@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202202-0034 (BK)

Vísað er til tölvupósts frá Matvælastofnun, dags. 25. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsóknar Northlight Seafood ehf. um tilraunaleyfi í Hvammsfirði til að athuga möguleika á framtíðar flekaræktun á kræklingi á svæðinu. Leitast var eftir að Náttúrufræðistofnun legði mat á „það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Í ofangreindum tölvupósti er misræmi á milli fyrirsagnar og efni póstsins þar sem annars vegar er talað um Hvammsfjörð og hinsvegar um Borgarfjörð. Gögnin sem fylgdu tölvupóstinum eiga þó við Hvammsfjörð og miðast umsögnin við það.

Fyrirhugað ræktunarsvæði er innan Breiðafjarðar sem er verndaður með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og sem er einnig tilnefndur af Náttúrufræðistofnun á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjörugerða, fugla og sela. Lífríki Breiðafjarðar er afar fjölskrúðugt, þar eru umfangsmestu þaraskógar hér við land, svæðið er gífurlega ríkt af fuglalífi, selalátur á skerjum og eyjum auk þess sem uppeldisstöðvar margra mikilvægra nytjastofna er þarna að finna.

Stefnt er að flekaræktun á kræklingi og liggur framleiðslumagn ekki fyrir á þessu stigi en í umsókninni verða að koma fram ítarlegri upplýsingar um búnaðinn og hvernig hann verður settur upp, s.s. fjöldi og stærð fleka, fjöldi lína/safnara, lengd og bilið á milli þeirra. Einnig liggur ekki fyrir hversu mörg tilraunasvæði verða í notkun í einu en á meðfylgjandi korti er heildarumfang tilraunasvæðanna umtalsvert. Þá þyrfti tíðni og tímasetning vitjana að koma fram til að hægt sé að meta möguleg áhrif af völdum truflunar á fuglalíf. Í Hvammsfirði eru m.a. óðul hafarna en haförn er tegund sem er mjög viðkvæmi fyrir truflun á varptíma. Eins er æðarvarp mikið á svæðinu.

Skeldýrarækt getur haft margvísleg áhrif á nær- og fjærliggjandi vistkerfi, s.s. á lífmassa plöntusvífs (sem hefur áhrif áfram upp fæðukeðjuna), setupsöfnun, tegundasamsetningu og hafstrauma svo dæmi séu tekin. Þessi áhrif geta verið neikvæð og því er brýnt að vakta lífríkið í grennd við skeldýraræktun og æskilegt væri að slík vöktun hæfist að einhverju leyti strax á tilraunastigi þegar um er að ræða jafnmikilvægt lífríkissvæði og Breiðafjörð.

Þekkt er að margar fuglategundir sækja í skeldýrarækt og mikilvægt er að aðgerðir til að draga úr ásókn fugla séu hófstílltar og valdi fuglunum ekki tjóni. Til dæmis sitja máfar gjarnan á flothlutum slíkrar ræktunar og í Breiðafirði verpa svartbakur og hvítmáfur sem báðir eru á valista sem tegundir í hættu.

Þá er nauðsynlegt að skoða samlegðaráhrif þessarar ræktunar við önnur fyrirhuguð ræktunarsvæði í Hvammsfirði.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur, náttúruverndarsviði / Biologist, Department of Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Andri Snær Þorsteinsson" <andri.thorsteinsson@mast.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: 2103095 - Northlight Seafood

Date: 25.2.2022 13:33:33

Góðan daginn

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Með kveðju,

Andri Snær Þorsteinsson

Sérfræðingur fiskeldisdeild / Officer in aquaculture department

Fiskeldisdeild / Aquaculture department



Matvælastofnun / Icelandic Food and Veterinary Authority

Austurvegur 64 – 800 Selfoss – Iceland

Sími/tel: (+354) 530 4800 – www.mast.is (<http://www.mast.is/>)

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.jpg (5 KB)